

**Ed.**

**429. Frumvarp til laga**

**[166. mál]**

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

**1. gr.**

Aftan við 40. tölul. 1. gr. laganna kemur ný málsg. svólátandi:  
Í Vestmannaeyjum skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar. Kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups, fyrirmæli um afstöðu þeirra hvors til annars, samband þeirra á milli og verkaskiptingu í söfnuðinum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindregnum tilmælum frá 1237 mönnum búsettum í Vestmannaeyjum. Það er einnig borið fram í samræmi við óskir núverandi sóknarprests og sóknarnefndar, eins og fram kemur í vísitáíu biskups, er fram fór í Vestmannaeyjum hinn 13. febrúar s. l. Þar segir svo: „Sóknarprestur og sóknarnefnd eru sammála um það, að æskilegt sé, að tveir þjóðkirkjuprestar verði í Vestmannaeyjum til enn meiri eflingar kirkjulegu starfi og kristilegri menningu.“

Samkvæmt upplýsingum hagstofunnar var íbúatala í Vestmannaeyjum hinn 1. des. s. l. 4056, en á vetrarvertíð er þar, sem kunnugt er, hinn mesti sægur aðkomufólks. Vegna legu eyjanna er þar örðugra að fá þjónustu nágrannapresta í forföllum sóknarprests en annars staðar á landinu. Styrkir þetta enn nauðsyn þess, að tveir sóknarprestir séu þar starfandi. Var og svo fram á 19. öld, eða þar til Vestmannaeyjar voru gerðar að einu prestakalli með konungsbréfi 7. júní 1837.

Þess skal að lokum getið, að frumvarp þetta er stutt af biskupi landsins og auk þess hefur kirkjumálaráðherra tjáð sig vinveittan því.

Nánar í framsögu.